

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um skiptingu skuldaniðurfærslu eftir landshlutum.

Frá Bjarkeyju Olsen Gunnarsdóttur.

1. Hvernig skiptist heildarfjárhæðin sem varið verður til niðurfærslu verðtryggðra fasteignaveðlana einstaklinga milli framteljenda í mismunandi landshlutum? Svar óskast sundurliðað eftir kjördæmaskipaninni 1959–1999.
2. Hver er meðalfjárhæð skuldaniðurfærslunnar á framteljanda í hverjum framangreindra landshluta?
3. Hvernig skiptist heildarfjárhæðin sem varið verður til lækkunar verðtryggðra fasteignaveðlana einstaklinga milli framteljenda í þéttbýli annars vegar og dreifbýli hins vegar?
4. Hver er meðalfjárhæð skuldaniðurfærslunnar á framteljanda í þéttbýli annars vegar og dreifbýli hins vegar?

Skriflegt svar óskast.